



Alþingi
Erindi nr. P 143/987
komudagur 7.2.2014

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
nefndasvid@althingi.is

Búðardal, 7. febrúar 2014
1402006 SP

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum
251. mál lagafrumvarp 143. löggjafarþingi 2013—2014.**

Á fundi í Borgarnesi 6. febrúar sl. hlýddu fulltrúar Dalabyggðar á kynningu innanríkisráðherra á fyrirhuguðum breytingum á skipan umdæma embætta sýslumanna og lögreglu.

Breytingar hafa verið lengi í undirbúningi og hafa íbúar Dalabyggðar þegar upplifað mögulegar hliðarverkanir þeirra. Með lögum nr. 46/2006 var sýslumanninum í Borgarnesi falin lögreglustjórn í umdæmi sýslumannsins í Búðardal og á síðasta ári var sýslumanninum í Stykkishólmi falið að gegna verkum sýslumannsins í Búðardal samhliða sínu embætti.

Frá hruni íslenska hagkerfisins hafa íbúar Dalabyggðar þurft að verja lögregluvarðstöð í Búðardal og stöðu lögregluþjóns með búsetu í Dalabyggð. Í ársbyrjun 2011 var þáverandi innanríkisráðherra færðar undirskriftir 1368 aðila þar sem áformum um að leggja niður starfið í Búðardal og loka varðstofunni var mótmælt. Fallið var frá áformunum í það skiptið en fræjum vantrausts var sáð og því ekki óeðlilegt að Dalamenn taki yfirlýsingum um óbreytta eða betri þjónustu með fyrirvara.

Athugasemdir við einstaka greinar.

3. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar gerir ekki athugasemdir við að landinu verði skipt í 8 umdæmi.

Sveitarstjórn er fylgjandi því að ráðherra setji í reglugerð ákvæði um staðsetningu aðalstöðvar lögreglustjóra og hvar lögreglustöðvar verði starfræktar enda verði með því verði tryggt að áfram verði starfrækt mönnum lögregluvarðstofa í Búðardal og íbúar Dalabyggðar njóti þar með áfram sömu þjónustu og verið hefur.

6. gr.

Sveitarstjórn fagnar áformum um reglulegt samráð við sveitarfélög með samstarfsnefndum.

Annað.

Sveitarstjórn Dalabyggðar hefur með bréfi dags. 18. janúar 2012 óskað eftir að komi til frekari breytinga á löggæsluumdæmum verði Dalabyggð færð undir umdæmi lögreglustjórans á Ísafirði enda verði áfram lögregluvarðstöð í Búðardal og lögreglumaður með búsetu í sveitarfélaginu. Þessi ósk kom fram í ljósi þess að sýslumaðurinn í Borgarnesi hefur ítrekað reynt að loka lögregluvarðstöðinni í Búðardal. Frá Ísafirði hefur mátt greina meiri skilning á þörfum fámennari og dreifbýlli svæða. Orð innanríkisráðherra á fyrrnefndum kynningarfundum um að fækkun umdæma eigi ekki að hafa í för með sér minni þjónustu við íbúa styrkir trú sveitarstjórnar Dalabyggðar á því að Dalabyggð eigi samleið með Vesturlandi sem fyrr.



Afrit: Innanríkisráðuneyti, Alþingismenn NV